

Notkun veggspjaldanna í skólastarfi

Barnasáttmálann er hægt að nýta sem efni í mannréttindakennslu. Í sáttmálanum felst viðurkenning á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi – óháð réttindum hinna fullorðnu. Mikilvægt er að fræða börn um Barnasáttmálann, þau réttindi sem hann kveður á um í tengslum við íslenskan rétt, almenn mannréttindi og daglegt líf barna um allan heim. Sáttmálann er hægt að nota í heild, eða taka fyrir einstakrar greinar hans og tengja við ýmsar aðrar námsgreinar, s.s. samfélagsfræði, trúarbragðafræði og upplýsinga- og tæknimennt.

Á vefnum www.barnasattmalinn.is mun svo verða nánari umfjöllun um efni Barnasáttmálans og hugmyndir að notkun í kennslu. Stefnt er að opnun vefjarins á árinu 2009.

Námsefni sem tengist

- **Allir eiga rétt** – Vefur með kennsluhugmyndum að fjölbreyttum verkefnum, www1.nams.is/unicef
- **Borgaravitund og lýðræði** – Kennsluvefur með ýmsum verkefnum, www.nams.is/borgara/index.htm
- **Réttindi mín 1.–3. hefti.** – Rit um Barnasáttmálann fyrir yngsta, mið- og unglingastig.



UMBOÐSMAÐUR BARNNA



www.barnasattmalinn.is

Veggspjöld

Veggspjöld með ákvæðum Barnasáttmálans eru gerð í samvinnu Barnaheilla, UNICEF á Íslandi, umboðsmanns barna og Námsgagnastofnunar. Annars vegar er um að ræða veggspjald með öllum greinum sáttmálans á einföldu máli og hins vegar stytta útgáfu eins og þá sem er í þessum bæklingi. Veggspjöldin eru ætluð til notkunar í skólum og henta vel til kennslu í lífsleikni. Styttri útgáfan er ætluð 1.–7. bekk grunnskóla en sú lengri er fyrir eldri nemendur og allan almenning. Myndskreytir er Þórarinn Leifsson.

Ýmis hugtök

Sameinuðu þjóðirnar: Samtök nær allra þjóða heims sem ætlað er að varðveita heimsfrið og öryggi, efla friðsamlega sambúð á milli þjóða, koma á alþjóðasamvinnu um lausn alþjóðavandamála og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum.

Ríki: Afmarkað landsvæði með íbúum sem lúta ríkisstjórn sem fer raunverulega með völd og er viðurkennt sem sjálfstætt af öðrum ríkjum.

Aðildarríki: Stjórnvöld ríkjanna 192 sem staðfest hafa Barnasáttmálann.

Foreldri: Þeir sem fara með forsjá barna, s.s. kynforeldrar, stjúpfórelðrar og fósturforeldrar.

Ríkisfang: Ríkisborgaréttur, það að vera fullgildur og lögformlegur borgari í ríki.

Sveitarfélag: Borg, bær eða landshluti sem hefur sérstaka sveitarstjórn sem íbúarnir kjósa; sveitarfélög sjá m.a. um félagslega þjónustu við íbúana, reka leikskóla, grunnskóla o.fl.

Ættleiðing: Þegar barn er ættleitt hefur það í för með sér fjölskylduskipti frá lagalegu sjónarmiði. Ættleitt barn tengist ættleiðendum og ættingjum þeirra sem það væri kynbarn og lagatengsl við kynforeldra og ættingja þeirra falla niður.



Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálinn eins og hann er oft kallaður, var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989. Barnasáttmálinn hefur verið staðfestur af 192 aðildarríkjum og er hann sá mannréttindasamningur sem hefur verið staðfestur af flestum þjóðum.

Barnasáttmálinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992. Fullgilding hans felur í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði samningsins. Lög og reglur sem gilda hér á landi ættu því að vera í samræmi við Barnasáttmálann.

Samningurinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum.

Barnasáttmálinn

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru réttindi sem öll börn í heiminum eiga að njóta.

Réttindi allra barna

- Allir sem eru yngri en 18 ára eru börn.
- Öll börn hafa sömu réttindi. Ekki skiptir máli hvar þau búa, útlit þeirra, kyn, trú, siðir og venjur þeirra eða foreldra þeirra.
- Allir sem taka ákvarðanir fyrir börn eiga alltaf að taka mið af því sem börnum er fyrir bestu.
- Þeir sem stjórna landinu eiga að gera allt sem þeir geta til að réttindi barna sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum séu virt.

Heilsa, menntun og þroski

- Börn eiga rétt á að lifa og þroskast og ganga í grunnskóla endurgjaldslaus. Þau skulu eiga kost á framhaldsmenntun.
- Börn eiga rétt á að rækta hæfileika sína og læra að bera virðingu fyrir öllu fólki og umhverfinu.
- Börn eiga rétt á lækniástoð og heilsugæslu.
- Fötluð börn eiga rétt á sérstökum stuðningi.

Öryggi og vernd

- Börn eiga rétt á vernd. Þau eiga rétt á vernd gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu, og þau eiga rétt á hjálp ef þau hafa orðið fyrir slíku.
- Börn eiga rétt á vernd gegn vinnu sem skaðar þau.
- Börn skal vernda gegn fíkniefnum.
- Börn má ekki nema á brott úr landi sínu en ef þau flýja til annarra landa eiga þau að fá hjálp.

Fjölskyldan

- Barn á rétt á nafni og ríkisfangi.
- Barn á rétt á að þekkja foreldra sína og umgangast þá báða. Foreldrar bera saman ábyrgð á börnum sínum, eiga að sjá fyrir þeim, hugsa vel um þau og leiðbeina þeim. Foreldrar eiga alltaf að hugsa um það sem barninu er fyrir bestu.
- Barn sem getur ekki búið hjá foreldrum sínum á rétt á öðru heimili.
- Ekki má taka barn frá foreldrum sínum, t.d. í fóstur eða til ættleiðingar, nema það sé barninu fyrir bestu.
- Enginn má skipta sér af einkalífi barns og fjölskyldu þess nema til að vernda barnið.

Frelsi og þátttaka

- Öll börn eiga rétt á að hafa eigin trú og skoðanir og mega tjá þær ef það skaðar ekki aðra.
- Það á að taka réttmætt tillit til skoðana barna.
- Börn eiga rétt á aðgangi að upplýsingum og fjölmiðlaefni sem hæfir aldri þeirra og þroska.
- Börn eiga rétt á hvíld og tómsundum og mega stofna félög.

Að virða réttindi barnsins

- Börn eiga rétt á að þekkja réttindi sín. Fullorðnir eiga líka að þekkja réttindi barna.
- Það er hlutverk foreldra, annarra fullorðinna, íslenska ríkisins og sveitarfélaga að sjá til þess að réttindi barna séu virt þegar ákvarðanir eru teknar sem skipta máli fyrir börn.
- Ef réttindi Barnasáttmálans eru ekki virt er mikilvægt að börn láti einhvern fullorðinn sem þau treysta vita.

